

Auður Torfadóttir, dósent KÍ og Brynhildur A. Ragnarsdóttir, kennsluráðgjafi, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Tvíþætt nám (CLIL) „Content and Language Integrated Learning“



Auður Torfadóttir og Brynhildur A. Ragnarsdóttir

Dagana 10.–11. mars 2005 sóttu Auður Torfadóttir og Brynhildur A. Ragnarsdóttir fyrir hönd menntamálaráðuneytisins ráðstefnu í Lúxembourgar undir heitinu *The Changing European Classroom – the Potential of Plurilingual Education*. Ráðstefnan var haldin á vegum ríkisstjórnar Lúxemborgar sem fer með forsæti í Evrópuráðinu árið 2005.

Evrópuráðið hefur um áratugaskeið unnið að rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu sem hafa haft mikil áhrif á námskrár og kennsluhætti víða í Evrópu. Má þar nefna The European Language Portfolio og The Common European Framework of Reference for Languages. Það er yfirlýst stefna Evrópuráðsins að allir íbúar álfunnar læri a.m.k. tvö erlend tungumál frá unga aldri. Tungumálanám hefur augljóst gildi á tímum þegar Evrópa er að verða einn vinnumarkaður og flutningar milli landa eru tíðir. Auk þess stuðlar tungumálanám að gagnkvæmum skilningi milli þjóða og umburðarlyndi gagnvart þeim sem tala önnur tungumál og eiga rætur í annarri menningu.

Unnið hefur verið ötullega að því innan Evrópuráðsins að finna leiðir til að gera tungumálanám markvissara þar sem sýnt er að tungumálakennslan, í þeim farvegi sem hún hefur verið, skilar ekki alltaf nógu góðum árangri miðað við þann tíma sem í hana er varið. Umræðuefni ráðstefnunnar var kennslufræðileg nálgun sem kallast Content and Language Integrated Learning (CLIL). CLIL er talið geta stuðlað að markvissara námi og kennslu, bæði í tungumálum og þeim námsgreinum sem kenndar eru á tungumálinu sem um ræðir.

Hvað er CLIL?

Í stuttu máli má segja að CLIL sé yfirheiti yfir ýmsar skyldar aðferðir sem leggja áherslu á að samþætta kennslu í námsgreinum og tungumálum, s.s. „bilingual content teaching“ og „content-based language teaching“. Það sem hér er átt við er að námsgrein og tungumál eru samþætt, t.d. saga og þýska eða landafræði og enska, þannig að kennt er á erlenda málinu en báðar greinar vega jafnt, bæði hvað við kemur markmiðum, innihaldi og mati. Talað er um CLIL sem aðferð en ekki sem aðferð í tungumálakennslu eingöngu, heldur er lögð jöfn áhersla á bæði tungumálið og hina námsgreinina. Tungumálið er inntak miðilsins. Það má segja að CLIL felist í eftirfarandi: „Teaching a subject through a foreign language, not in a foreign language“. Það er mjög mikilvægt að bæði greinin og tungumálið standi jafnfætis.

Markmið með CLIL eru einkum þau að stuðla að

- þverfaglegu námi
- aukinni færni í erlendum tungumálum
- dýpri skilningi á lykilhugtökum þeirra námsgreina sem samþætta eru tungumálanáminu
- nemendasjálfsæði (learner autonomy)

- innihald í tungumálanámi verði merkingar-bærara og hagnýtara
- heildstæðara námi þar sem einangrun námsgreina er rofin
- samvinnu kennara
- auknu menningarlæsi

Hversu útbreitt er CLIL?

Í yfirliti sem gefið var á ráðstefnunni kom í ljós að Ísland er eitt sjö landa þar sem enn eru ekki skráð dæmi um kennslu í anda CLIL. Það er hins vegar mjög misjafnt eftir löndum hve langt þau eru komin og hvernig CLIL er útfært, í hvaða tilgangi, hvaða greinar eru helst samþættar tungumálanáminu, hvaða tungumál er algengast að samþætta greinum, í hvaða aldurshópum CLIL er algengast og hverjir annast kennsluna. Víðast hvar er þó einungis um fáa skóla að ræða.

Þær greinar sem oftast eru kenndar á erlendum málum eru félags- og hugvísindagreinar þó að aðrar greinar séu einnig nefndar á nafn og enska er það tungumál sem oftast er um að ræða þó að önnur tungumál komi einnig við sögu. Það eru dæmi um skóla sem bjóða upp á samþættingu í þremur erlendum málum og þremur námsgreinum og sums staðar eiga nemendur þess kost að taka t.d. stúdentspróf í sögu á þýsku og fá þá aukapunkta út á það. CLIL hefur verið útfært á öllum skólastigum, frá leikskóla upp í háskóla og í starfsmenntageiranum, þó algengast sé það í efri bekkjum grunnskóla og á framhaldsskólastigi. Þeir sem annast kennsluna eru annað hvort kennarar sem eru jafnvígir á tungumál og grein eða teymi tveggja kennara. Það kom fram að sums staðar er kennslan borin uppi af kennurum sem hafa erlenda málið að móðurmáli og eru jafnframt sérfræðingar í þeim greinum sem um ræðir. Þetta þykir ekki vera framtíðarlausn og æskilegra sé að leggja áherslu á samvinnu kennara.

Það sem vakti athygli okkar var að mjög víða er CLIL einungis opið úrvalshópum nemenda sem jafnvel þurfa að þreyta próf til að komast í slíka hópa. Í fyrirlesturum og umræðum var lögð áhersla á að þannig eigi framkvæmdin ekki að vera og voru nefnd dæmi um hið gagnstæða.

Kostir CLIL og það sem til þarf

Kostir þess að taka upp kennslu í anda CLIL eru augljósir, sbr. markmiðin hér að framan. Augljóst var að verið var að hvetja þátttakendur á ráðstefnunni til að tala fyrir því að breytingar yrðu gerðar á námskrám og ytri aðstæðum náms svo að bjóða mætti upp á sveigjanlegri kennsluhætti á borð við CLIL.

Fram kom að forsendur þess að taka upp kennsluhætti CLIL væru m.a. þær að sérstök þjálfun væri veitt í kennaramenntuninni þar sem CLIL byggir á ákveðinni aðferðafræði og felur í sér sérstök vinnubrögð. Nokkrar kennaramenntastofnanir hafa nú þegar komið slíkri þjálfun inn í sitt kerfi. Annað sem þarf að vera fyrir hendi er sveigjanleg námskrá. Á Íslandi er námskráin greinilega talsvert sveigjanlegri en í sumum öðrum löndum. Í íslensku námskránni fyrir erlend mál er talað um þverfaglegt nám. Fram kom að í námskrám nokkurra landa hefði þurft að skilgreina sérstakar CLIL námsgreinar eða áfanga til að skapa rými fyrir þessi vinnubrögð. Rýmið í okkar námskrá er til staðar og athuga má hvort áhugi er fyrir samþættingu við tungumál í öðrum greinum.

Það sem stendur CLIL sums staðar fyrir þrífum eru ósveigjanlegar lagasetningar um að nám í greinum eigi að fara fram á móðurmálinu, ósveigjanleg námskrá þar sem nákvæmlega er tilgreint inntak náms og ósveigjanlegt prófakerfi. CLIL vinnubrögð falla mjög vel að European Language Portfolio og eru menn sammála um að það þurfi að innleiða sjálfsmat í ríkara mæli inn í skólana og breyta hefðbundnu mati til þess að það falli betur að sveigjanlegum kennsluháttum. Má í því samhengi nefna matsviðmið The Common European Framework of Reference for Languages.

Staða Íslands og CLIL

Eftir að hafa hlustað á fyrirlestra og tekið þátt í umræðum á þessari ráðstefnu er okkur ljóst að á Íslandi eru nú þegar sprotar sem geta fallið undir CLIL, þó ekki ef ströngustu skilgreiningu er fylgt. Það voru sýnd ýmis dæmi um CLIL sem minntu mjög á þemavinnu (project work) sem tíðkast hefur hér á landi um árabil, við vitum dæmi þess að námsgreinar hafa verið kenndar á erlendum málum og einnig getur þetta átt við ýmis alþjóðleg samstarfsverkefni sem víða eru fastir liðir í starfsáætlun íslenskra skóla. Það er því ljóst að útfærslan er margvísleg. Við höfum fundað með fulltrúum menntamálaráðuneytisins um þessi mál og höfum m. a. bent á að CLIL gæti verið verðugt þróunarverkefni og árið 2005 var það raunar eitt af forgangsverkefnum European Label sem er viðurkenning á nýbreytniverkefnum í tungumálakennslu.

En hér getur verið að Ísland hafi sérstöðu vegna smæðar málsamfélagsins eins og við bentum á í umræðum á ráðstefnunni. Af þessari ástæðu eru CLIL skorður settar hér á landi en það getur verið kærkomin viðbót þar sem aðstæður bjóða upp á slíkt.

Lokaorð

Það var ómetanlegt að fá að sækja þessa ráðstefnu sem var í alla staði mjög upplýsandi og gagnleg. Við teljum mikilvægt að Íslendingar fylgist náið með því sem gerist í þessum eignum í framtíðinni. Við hvetjum kennara til að kanna þennan kost og setja á laggirnar tilraunaverkefni til að ganga úr skugga um hvort það sé fýsilegur kostur fyrir íslenskt skóla-kerfi að taka í einhverjum mæli upp kennslu í anda

CLIL og hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að það verði gert með sem árangursríkustum hætti. Bent er á að evrópskir þróunarsjóðir á borð við Comenius og Socrates muni styrkja þróunarverkefni sem lúta markmiðum CLIL. Okkar álit er að þarna sé ein leið af mörgum til að auka fjölbreytni og markvissari vinnubrögð í tungumálanámi og tungumála-kennslu.

Vegna mistaka voru myndir sem fylgdu grein Rannveigar Sverrisdóttur, Táknmál – tungumál heyrnarlausra í síðasta tölublaði Málfríðar, rangt tölusettar. Við biðjumst velvirðingar á þessu. – Hér birtast myndirnar í réttri röð.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4